

Truenorth Nordic  
Fiskislóð 31  
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. ágúst 2022  
UST202208-174/P.V.B.  
09.08.02

### **Efni: undanþága til akstur utan vega á Meradalaleið**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Truenorth Nordic, dagsett 19. ágúst 2022 um leyfi til aksturs utan vega í Meradölum vegna kvikmyndagerðar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að keyra 2 bifreiðar eftir Meradalaleið frá Suðurstrandavegi að gosstöðvunum í Meradölum. Kort sem sýnir þá leið sem til stendur að keyra fylgdi með umsókn. Tilgangur ferðarinnar er að ferja kvikmyndabúnað sem ekki er hægt að bera. Aksturinn fer fram 27 eða 28. ágúst 2022.

#### **Umsagnir:**

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar lögreglunar á Suðurnesjum þann 26. ágúst 2022 vegna verkefnisins. Umsögn lögreglunar barst samdægur. Í umsögn lögreglunar kemur fram að lögreglan gerir ekki athugasemd við þessa umsókn.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefnið líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar þess svæðis sem ekið verður um, en hægt er að lágmarka þau áhrif ef neðangreindum skilyrðum er fylgt. Aðstæður, og þar með forsendur þessa áhrifamats, geta breyst ef mikil rigning verður. Leiðin er í þökkalegu ástandi eins og er, fyrir utan nokkra kafla sem liggja í gegnum blautan mosagróður. Leiðin liggur fjarri mesta gestafjöldanum sem fer gangandi að gosstöðvunum og ætti truflun á gesti svæðisins að vera minniháttar.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Truenort Nordic fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega eftir Merardalaleið sbr. lýsingu hér að ofan 27. eða 28. ágúst 2022.

**Akstur utan vega vegna verkefnisins er eingöngu heimill vegna flutnings búnaðar en ekki til fólksflutninga.**

Leyfið er veitt að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Fyrirhuguð ferð skal tilkynnt til vettvangsstjórnar á svæðinu og skal fylgja fyrirmælum hennar í hvívetna.
- Dekkjastærð ökutækis skal vera að lágmarki 35 tommur skal hleypa lofti úr dekkjunum til að lágmarka rask á þeim hluta leiðarinnar sem er verst farinn.
- Ökutækjum skal lagt þannig að þau hindri ekki aðkomu viðbragðsaðila og vísindamanna.
- Vettvangsstjórn er heimilt að takmarka eða loka fyrir aðgengi að svæðinu, s.s. vegna öryggis, veðurs, aðstæðna eða fjölda bíla á svæðinu.
- Heimildin nær einungis til aksturs að gosstöðvunum um Merardalaleið en ekki um svæðið að öðru leiti.
- Aðeins er heimilt að aka leiðina einu sinni fram og til baka á skráðum degi.
- Leyfið gildir einungis fyrir einni ferð fram og til baka á tímabilinu.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal keyrt eftir Meradarleið og er óheimilt að víkja út frá henni
- Til að koma í veg fyrir að myndefnið hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda þarf fyrir akstrinum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson  
sérfræðingur